

Ingólfur Davíð Sigurðsson
Bleiksárhlíð
Eskifjörður

Reykjavík, 6. október 2022
UST202210-041/Þ.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til myndatöku - Jökulfirðir á Hornströndum

Umhverfisstofnun hefur móttengið beiðni Ingólfs Davíðs Sigurðssonar, dagsett 22. mars 2022, breytingu á útgefnu leyfi dags. 27. janúar þar sem leyfi var veitt fyrir drónaflugi innan friðlandsins á Hornströndum.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. auglýsing nr. 332/1985. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi til að nota dróna til landslagsmyndatöku innan friðlandsins á Hornströndum, nánar tiltekið í Jökulfjörðum. Nákvæm staðsetning liggur ekki fyrir og ekki kemur fram hvar drónanum verður flogið nema hvað flogið verður yfir sjó og myndað að landi ef veður leyfir. Í sömu ferð verða refir og önnur dýr mynduð þegar þau verða á vegi umsækjanda. Notaðar verða öflugar linsur svo ekki er þörf á að fara það nálægt dýrunum að ró þeirra verður raskað. Tökur færu fram á tímabilinu 20.-25. febrúar 2023. Einn aðili kemur að tókunum og mun hann dvelja í tjaldi á tjaldsvæðum sem eru á svæðinu. Ekki stendur til að mynda dýr innan friðlandsins með drónanum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur drónaflugið og myndatökuna ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins og gesti á þeim tíma sem ráðgert er dvalið verði innan svæðisins sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fram í leyfi þessu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Ingólfi Davíð Sigurðssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi og myndatökum á ref innan friðlandsins á Hornströndum sbr. lýsingu hér að ofan 20.-25. febrúar 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Óheimilt er að elta eða króga dýr af.

- Ekki skal ganga í átt að dýrunum, heldur bíða eftir að dýrin nálgist ljósmyndarann.
- Ef getnaður er í gangi skal láta refina alveg í friði þar sem þau eru föst og geta ekki flúið.
- Ljósmyndarinn skal vera mjög vakandi fyrir streituviðbrögðum dýranna og færa sig fjær ef minnsti grunur er um að nálægðin sé að valda kvíða meðal þeirra.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Óheimilt er að setja drónan á loft ef hafnir eða fálkar eru sýnilegir á svæðinu.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn

um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Ekki verður um formlegt eftirlit með verkefninu að ræða. Umsækjandi skal tilkynna sig inn á svæðið með því að hafa samband við starfsmann Hornstrandarstofu áður en ferð hefst. Jafnfram væri gagnlegt fyrir sérfræðing svæðisins, Kristínu Ósk Jónasdóttur, að fá upplýsingar um lífríki, snjóalög og aðstæður á svæðinu frá umsækjanda ef hann hefði tíma. Hægt er að ná í hana í síma 822 4098 eða netfanginu kristin.jonasdottir@umhverfisstofnun.is

Virðingarfyllst

Kristín Ósk Jónasdóttir
teymisstjóri

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur

